

200. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 21. mars 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2303125 - Brynja leigufélag - beiðni um stofnframlag vegna fjögurra íbúða 2023- 2024

Brynja Leigufélag sendi erindi dags. 1. mars sl. þar sem óskað er eftir stofnframlagi vegna uppbyggingar fjögurra íbúða á árunum 2023 og 2024.

Stofnvirði fjögurra íbúða er um 200 m. kr. og hlutur Akraneskaupstaðar væri því 24 m. kr.

Þann 22.03.2022 samþykkti bæjarstjórn Akraness stofnframlag að fjárhæð 23,4 m.kr. á árunum 2022 og 2023 til Brynju Leigufélags hses (Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalagsins) vegna fyrirhugaðra kaupa félagsins á húsnæði á Akranesi sem yrði til afnota fyrir skjólstæðinga Akraneskaupstaðar, með fyrirvara um samþykki HMS á stofnframlagi ríkisins.

Er þá í raun um tvö stofnframlög að ræða, umfram fyrirbyggjandi samþykkt bæjarstjórnar frá 22.03.2022, en samþykkt var á þeim tíma að veita stofnframlag að fjárhæð 23,4 m.kr.

Velferðar- og mannréttindaráð mælir með samþykkt allt að fjögurra stofnframlaga til Brynju Leigufélags á árunum 2023. Velferðar- og mannréttindaráð leggur einnig til að horft verði til þess að Brynja Leigufélag fái tvö stofnframlög á ári, frá og með 2024-2026. Málínu er vísað til frekari afgreiðslu hjá bæjarráði.

2. 2303111 - Bjarg íbúðafélag - Asparskógar 3

Tilboð til Akraneskaupstaðar frá Bjargi leigufélagi um að taka á leigu þrjár íbúðir, til framleigu, í nýjum húsum Bjargs sem til stendur að reisa við Asparskóga 3, í þremur áföngum 1. nóv. 2023, 1.mars 2024 og 1. maí 2024.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallar um erindi Bjargs íbúðarfélags. Velferðar- og mannréttindaráð felur starfsmönnum á velferðar- og mannréttindasviði að leggja mat á þarfir einstaklinga á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði og semja við leigufélagið í framhaldinu um leiguhúsnæði.

3. 2301022 - Fundargerðir 2023 - öldungaráð

17. fundargerð öldungaráðs frá 23. febrúar 2023.

Lagt fram til kynningar.

KHS

4. **2301032 - Fundargerðir 2023 - starfshópur um stefnumörkun í öldrunarmálum**

5. fundargerð starfshóps um stefnumörkun í öldrunarmálum frá 11. janúar 2023.
6. fundargerð starfshóps um stefnumörkun í öldrunarmálum frá 25. janúar 2023
7. fundargerð starfshóps um stefnumörkun í öldrunarmálum frá 15. febrúar 2023.
8. fundargerð starfshóps um stefnumörkun í öldrunarmálum frá 21. febrúar 2023.
9. fundargerð starfshóps um stefnumörkun í öldrunarmálum frá 22. febrúar 2023.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristinn H. Sveinsson

Auða Eir Einarsdóttir

Einar Brundsson

Hilmarinn Arnarson

Hvefva Rún Arnadóttir.